# Starfsáætlun rafrænnar sjúkraskrár á Íslandi 2015–2016




Embætti landlæknis
Directorate of Health

# Starfsáætlun rafrænnar sjúkraskrár hjá Embættis landlæknis 2015–2016

## Framtíðarsýn

Gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga verði eflt með öruggum aðgangi að sjúkraskrárupplýsingum hvar og hvenær sem þörf er á.

## Hlutverk okkar

Yfirumsjón með rafrænni sjúkraskrá á landsvísu, leiða þróun, innleiðingu og eftirlit með öryggi hennar. Einnig uppbygging og rekstur íslenska heilbrigðisnetsins Heklu.




Heimild: NeRN, 2015

### Hvað hefur áunnist síðustu 3 árin

- Samtengingum lokið á opinberum heilbrigðisstofnunum
- Rafræn lyfjaávísun á vefsíðu embættisins
- Nýr lyfjagagnagrunnur og aðgangur lækna að honum
- Aðgangur almennings að eigin heilbrigðisupplýsingum í Veru
- Fyrirmæli landlæknis um gæði og öryggi sjúkraskrár
- Reglugerð um sjúkraskrár
- Heilbrigðisnetið Hekla í eigu embættisins
- Heimasíða um rafræna sjúkraskrá
- Leiðbeiningar um skráningu í rafræna sjúkraskrá
- Gæðastjórar skráningar hjá opinberum stofnunum

### Verkefni framundan

- Rafræn mæðra- og fæðingaskrá í þróun
- Rafvæðing undanþágulyfseðla
- Samtenging sjálfstætt starfandi sérfræðinga og hjúkrunarheimila
- Áframhaldandi þróun samtenginga, meðferðarskráning hjúkrunar og vaxtakúrfur barna
- Áframhaldandi þróun í sjúkraskrárkerfinu Sögu
- Aðgangur að öllum myndgreiningum á einum stað
- Miðlægt beiðna og svarakerfi fyrir allar rannsóknir
- Innleiðing á notkun lyfjagagnagrunns meðal lækna
- Rafrænar sendingar á biðtíma í heilbrigðisþjónustu til EL

# Aðaláherslur 2015-2016

| Innleiða samtengda rafræna sjúkraskrá | Aðgangur almennings að eigin heilbrigðisupplýsingum | Miðlægur aðgangur að myndgreiningum og rannsóknum | Öryggi og gæði heilbrigðisupplýsinga |
|---|---|---|---|
| **Áætlun** | **Áætlun** | **Áætlun** | **Áætlun** |
| • Innleiða samtengda rafræna sjúkraskrá á landsvísu<br>• Innleiða notkun á lyfjagagnagrunni meðal lækna<br>• Innleiða miðlægt lyfjakort og skráningu á ofnæmi | • Tryggja aðgang almennings að eigin heilbrigðisupplýsingum og rafrænni heilbrigðisþjónustu | • Niðurstöður allra rannsókna verði aðgengilegar á einum stað<br>• Hægt verði að panta allar rannsóknir á einum stað, óháð tegund rannsóknar og rannsóknarstofu. | • Efla og auka eftirlit með notkun samtengdrar rafrænnar sjúkraskrár og lyfjagagnagrunns.<br>• Styðja nýtt eftirlitssvið í úttektum á heilbrigðisþjónustu<br>• Stuðla að bættum öryggisbrag um meðferð heilbrigðisupplýsinga |
| **Aðgerðir** | **Aðgerðir** | **Aðgerðir** | **Aðgerðir** |
| • Markviss innleiðing á samtengdri rafrænni sjúkraskrá og Veru<br>• Kynna fyrir læknum samþættan aðgang að lyfjagagnagrunni við rafræna sjúkraskrá<br>• Kostnaðargreining á samþættingu fjarlæknabúnaðs við Sögukerfið<br>• Skilgreina og innleiða samnorrænar mælingar yfir notkun og ánægju með rafræn heilbrigðis-upplýsingakerfi<br>• Koma á miðlægu lyfjakorti og skráningu á ofnæmi með gagnvirkum viðvörunum | • Innleiða Veru hjá öllum opinberum heilbrigðisstofnunum<br>• Kynna möguleika Veru fyrir sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum<br>• Kynning á Veru fyrir almenningi<br>• Áframhaldandi þróun á Veru m.a. aðgangur að rafrænni mæðraskrá, heimsóknir á heilsugæslustöð og legur ásamt skráningu á eigin mælingum | • Innleiða miðlægt beiðna- og svarakerfi á landsvísu<br>• Stefnumótun varðandi flokkunarkerfi til að samræma kóðun allra rannsókna<br>• Samstilla vikmörk allra rannóknarstofukerfa<br>• Svara- og beiðnakerfi verði samþættuð rafrænni sjúkraskrá | • Verklagsreglur og eftirlit með notkun á rafrænni sjúkraskrá og lyfjagagnagrunni<br>• Kynningar á fyrirmælum landlæknis um gæði og öryggi sjúkraskráa og öryggiskerfis<br>• Kynning á nýrri reglugerð um sjúkraskrár<br>• Úttekt á rafrænum sjúkraskrárkerfum m.t.t. krafa stjórnvalda<br>• Uppflettingar í samtengdri sjúkraskrá aðgengilegar í Veru<br>• Tryggja uppitíma Heklu heilbrigðisnets skv. stöðlum |

# Árangursmat 2015-2016

| Markmið | Mælikvarði | Tíðni mælinga | 2014 | 2015 | Markmið 2016 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Innleiða samtengda rafræna sjúkraskrá** | | | | | |
| Heilbrigðisstofnanir með Sögu-kerfið verði samtengdar | Hlutfall stofnana | 2 x ári | Prófunarfasi | 90% | 100% |
| Einkareknir aðilar með Sögu-kerfið verði samtengdir | Hlutfall aðila | 2 x ári | Prófunarfasi | 10% | 50% |
| Almenn notkun  á rauntímalyfjagagnagrunni við ávísun ávanabindandi lyfja | Hlutfall lækna | 2 x ári | Prófunarfasi | 40% | 90% |
| Miðlægt lyfjakort og ofnæmisupplýsingar | Aðgengilegt á landsvísu | | Á ekki við | Á ekki við | Undirbúningsvinna |
| **Aðgangur almennings að eigin heilbrigðisupplýsingum** | **Mælikvarði** | **Tíðni mælinga** | **2014** | **2015** | **Markmið 2016** |
| Heilsugæsla þekki Veru og kosti hennar | Hlutfall heilsugæslustöðva sem nota Veru | 2x ári | Innleiðing hafin | 50% | 100% |
| Almenningur þekki Veru og kosti hennar | Fjöldi heimsókna | 4 x ári | Á ekki við | Í þróunarfasa | 20% landsm. >18 ára |
| **Miðlægur aðgangur að myndgreiningum og rannsóknum** | **Mælikvarði** | **Tíðni mælinga** | **2014** | **2015** | **Markmið 2016** |
| Samþætting fósturgreininga við nýja rafræna mæðraskrá | Hlutfall fósturgreininga aðgengilegar í mæðraskrá | Árlega | Á ekki við | Undirbúningur | 100% |
| Miðlægur aðgangur að rannsóknaniðurstöðum í blóðmeina- og klínískri lífefnafræði | Hlutfall rannsóknastofa sem niðurstöður eru aðgengilegar frá á landsvísu | Árlega | 50% | 50% | 80% |
| Miðlægur aðgangur að myndrannsóknum | Hlutfall rannsóknastofa sem niðurstöður eru aðgengilegar frá á landsvísu | Árlega | 20% | 20% | 60% |
| **Öryggi og gæði heilbrigðisupplýsinga** | **Mælikvarði** | **Tíðni mælinga** | **2014** | **2015** | **Markmið 2016** |
| Innleiða upplýsingaöryggiskerfi í heilbrigðisþjónustu | Hlutfall stofnana með virkt öryggiskerfi | Árlega | Á ekki við | Innleiðing hafin | 100% stofnana með virkt öryggiskerfi |
| Innköllun skýrslu um eftirlit frá veitendum heilbrigðisþjónustu | Hlutfall skýrsluskila | Árlega | Á ekki við | Á ekki við | 100% skil |
| Hekla heilbrigðisnet sé ávallt aðgengilegt | Uppitími | | 99% | 99% | 99% |